

Nd.

434. Nefndarálit

[63. mál]

um frv. til laga um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaup-  
túnum og opinbera aðstoð í því skyni.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og sent það húsnæðismálastjórn og Landsbankanum  
til umsagnar. Eru umsagnirnar prentaðar með nefndarálitinu.

Frv. er í sex köflum, auk 1. gr., sem er utan kafla, og bráðabirgðaákvæði.  
I. kafli er um verkamannabústaði, II. kafli um byggingarsamvinnufélög, III. kafli  
um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, IV. kafli um lánadeild smáíbúðarhúsa, sem  
gert er ráð fyrir að taki til starfa á ný, V. kafli um rétt einstaklinga til veðlána og  
VI. kafli um innflutning byggingarefnis o. fl. Í innganginum (1. gr.) eru sérstök  
ákvæði um fjárfestingarleyfi til viðbótar þeim, sem nú eru í lögum. Í I. kafla er  
gert ráð fyrir að verja nokkrum hluta núverandi tekna ríkissjóðs til íbúðalána  
samkvæmt þessum kafla, og yrði þá að leggja á nýja skatta sem því svarar svo  
og til að afla 30 millj. kr. stofnfjár til lánadeildar smáíbúða, sem ríkissjóður ætti  
að leggja fram samkvæmt IV. kafla. Samkvæmt III. kafla veitir ríkissjóður lán til  
útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, en má taka fé til þess að láni. Í V. kafla eru  
ákvæði um að skylda seðlabankann til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar, eftir  
því sem eftirspurn krefur vegna nýbygginga og kaupa á íbúðum, sem ekki eru  
eldri en 5 ára. Samkvæmt VI. kafla skal innflutningur á byggingarefni vera frjáls,  
ef nokkur annar innflutningur er frjáls, en ekki er kveðið á um neinn innflutning,  
sem frjáls skuli vera.

Mikill hluti frumvarpsins er samhljóða ákvæðum, sem eru eða hafa verið í  
lögum. Er í 52. gr. gert ráð fyrir, að numin verði úr gildi lög frá 1952, um opin-  
bera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og II. kafli  
laga frá 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu  
heilsuspillandi íbúða, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við frv.

Með skirskotun til fyrrnefndra umsagna og með því að nefndinni virðast sum  
þau úrræði vafasöm, sem frv. gerir ráð fyrir, leggur hún til, að frv. verði afgreitt  
með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem rétt þykir, að í ljós komi, hversu þau lög reynast, er sett voru á  
síðasta þingi í því skyni að greiða fyrir byggingu íbúða í kaupstöðum og kaup-  
túnum, telur deildin nýja lagasetningu um þetta efni ekki tímabæra og tekur fyrir  
næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur (utanbæjar), þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 1. marz 1956.

Páll Þorsteinsson,  
form.

Kjartan J. Jóhannsson,  
fundaskr.

Gísli Guðmundsson,  
frsm.

Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal I.

HÚSNÆÐISMÁLASTJÓRN

Reykjavík, 10. janúar 1956.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags.  
2. desember s. l., sent Húsnæðismálastjórn til umsagnar frumvarp til laga um rétt  
manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð

í því skyni. Sem svar við þessum tilmælum vill Húsnæðismálastjórn taka fram eftirfarandi:

Svo sem kunnugt er, var með l. nr. 55/1955, um Húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, stefnt að því að auka fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og leggja grundvöll að því að leysa þetta vandamál til frambúðar. Síðan þessi lög komu til framkvæmda eru liðnir aðeins nokkrir mánuðir, svo að ekki er þess að vænta, að reynsla sé fengin fyrir löggjöf þessari og gildi hennar. Þegar af þessari ástæðu telur Húsnæðismálastjórn mjög óhyggilegt að samþykkja frumvarp það, sem hér er til umsagnar. En auk þess telur Húsnæðismálastjórn, að frumvarp þetta hafi slíka galla efnislega, að ekki sé rétt að lögfesta það.

Virðingarfyllst,  
f. h. Húsnæðismálastjórnar,  
Jóhannes Nordal,  
varaformaður.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

## Fylgiskjal II.

### LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. des. 1955.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 3. þ. m., sent Landsbankanum til umsagnar frumvarp til laga um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni. Sem svar við þessum tilmælum vill framkvæmdastjórn Landsbankans taka fram eftirfarandi:

- 1) Þegar lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru í undirbúningi, var fjáröflun til íbúðabygginga tekin til rækilegrar athugunar. Átti Landsbankinn þátt í undirbúningi málsins og lét þá í ljós þá skoðun sína, að nauðsynlegt væri, að lánveitingar til íbúðabygginga væru byggðar á raunverulegum sparnaði landsmanna sjálfra. Er það skoðun vor, að gengið hafi verið eins langt og frekast var unnt í hinum nýju lögum um fjáröflun til íbúðabygginga. Meira fjármagns verði því aðeins unnt að afla, að trú manna á framtíðarverðgildi peninganna og sparifjársofnun aukist að nýju.
- 2) Meginatriði hins nýja frumvarps er að skylda seðlabankann til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar, svo að hægt sé að veita hverjum sem er stór lán til íbúðabygginga. Vér vonum, að fáir séu lengur þeirrar skoðunar, að unnt sé að leysa fjárhagsörðugleika þjóðarinnar með takmarkalausum lánveitingum úr seðlabankanum, sem í raun og veru mundi aðeins geta byggzt á aukinni seðlaveltu. Á slíkum tímum sem þessum, þegar bankarnir eru komnir í stórskuldir við útlönd og ofþensla er á öllum sviðum efnahagslífsins, mundu aukin útlán seðlabankans hafa hinar geigvænlegustu afleiðingar.

Vér teljum ekki ástæðu til að ræða frumvarp þetta frekar að sinni, en af framansögðu ætti að vera ljóst, að vér teljum samþykkt þess hið mesta óráð.

Virðingarfyllst,  
Landsbanki Íslands,  
Gunnar Viðar. Jón G. Mariasson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis,  
Alþingi, Reykjavík.